

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kleifakór 2-4. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. október 2021 breytingu á deiliskipulagi Hörðuvalla fyrir Kleifakór 2-4.

Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulagsins er breytt og ná mörk þess nú yfir lóðirnar við Kleifakór 2 og 4. Þar er stofnuð lóðin Kleifakór 2 sem verður um 2.480 m² að stærð og komið fyrir 7 þjónustuíbúðum fyrir fatlaða einstaklinga í húsi sem verður á einni hæð með hámarkshæð 4,5 metra og hámarksbyggingarmagni allt að 600 m². Tillagan gerir ráð fyrir 15 bílastæðum á lóð og inngangi á austurhlið hússins og sólstofu við vesturhlið þess.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 10. janúar 2022.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2022